

## **Samantekt umsagna um frumvarp til breytinga á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010.**

Mál nr. 175/2023 í samráðsgátt. Til umsagnar frá 28. september 2023 til 4. október 2023.

Alls bárust átta umsagnir; frá Öryrkjabandalagi Íslands, Einari Jónssyni, Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd, Menntasjóði námsmanna, Samtökum fjármálafyrirtækja, Creditinfo Lánstrausti hf. og Hagsmunasamtökum heimilanna.

Helstu atriði sem komu fram í umsögnum í samráðsgátt:

### **Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ):**

Taka undir tillögurnar og fagna fyrirhuguðum breytingum. Benda á að stór hluti umsækjenda hjá UMS sé örorkulífeyrisþegar.

ÖBÍ telja brýnt að koma á réttindagæslu fyrir fatlað fólk í greiðsluvanda. Fötlun geti valdið því að einstaklingur geri sér ekki grein fyrir umfangi sinna skuldbindinga og standi því ekki í skilum. Mörg hafi ekki heilsu til samningaviðræðna við kröfuhafa og geti ekki brugðist við innheimtuaðgerðum. Nauðsynlegt að tryggja réttindagæslumann sem væri málsvari þessa viðkvæma hóps og sæi til þess að „greiðsluaðlögunarsamningar fái sanngjarna meðferð og sé fylgt eftir“.

ÖBÍ styðja það að skýra eigi meðferð krafna vegna námslána þannig að skuldari verði í skilum að greiðsluaðlögun lokinni.

ÖBÍ styðja tillöguna í e-lið 3. gr. um að ábyrgðarskuldbindingar á námslánum teljist ekki kröfur vegna námslána og benda á að stór hluti örorkulífeyristaka sitji uppi með námslán vegna menntunar sem þau muni aldrei geta nýtt til tekjuöflunar og afborganir geti verið mjög íþyngjandi.

ÖBÍ telja mikilvægt að þetta heimildarákvæði, þ.e. að UMS hafi heimild til að synja ekki um heimild til greiðsluaðlögunar, þrátt fyrir að einhver synjunarliða eigi við, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi sé í lögunum. Telja þetta að þetta gæti átt við um þann hóp sem verður tímabundið og skyndilega fyrir tekjumissi eins og t.d. endurhæfingarlífeyristakar.

**Viðbrögð:** Í greinargerð verður þetta ávarpað, þ.e. sérstakur vandi sem kann að vera uppi hjá fötluðu fólki í greiðsluvanda. Skrifað verður inn í athugasemdir með frumvarpinu að UMS setji í sínar verklagsreglur brýningu um viðeigandi aðlögun sbr. SRFF. (Er tekið fram í kaflanum um samráð.) Að öðru leyti þarfnast umsögnin ekki viðbragða.

### **Einar Jónsson:**

Bendir á að ef greiðslubyrði hækki verulega umfram viðmið um lánveitingu sem lántaka verði ekki kennt um (s.s. verðbólgu, atvinnuleysis, heilsubreysts) þá ætti lánveitandi að vera skyldur til að skuldbreyta láni þannig að greiðslubyrði lántaka verði innan viðmiðs um greiðslugetu hans. Gætu verið afskriftir að hluta eftir aðstæðum.

Segir samfélagslega ábyrgð fela í sér að lánveitandi beri einnig áhættu af breytingum á lánum til einstaklinga vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

**Viðbrögð:** Umsögnin þarfnast ekki viðbragða.

### **Alþýðusamband Íslands:**

Vísað til tillagna allt frá 1994 um „að skapað yrði samofið félagslegt og fjárhagslegt úrræði til að mæta skuldavanda einstaklinga og fjölskyldna.“ 1994 var lagt til að úrræðið tæki jöfnum höndum til veðkrafna og annarra krafna og m.a. væri hægt að beita úrræðinu þannig „að heimilt væri að fara inn

í samningsbundna skilmála veðkrafna innan verðmætis veðsettra eigna með það fyrir augum að gera þær kröfur greiðanlegar með skilmálabreytingum.“ ASÍ telur það fagnaðarefni að þetta frumvarp samrýmist tillögum um þetta frá 1994. ASÍ hvetur Alþingi til að flýta afgreiðslu frumvarpsins eins og mest má.

**Viðbrögð:** Umsögnin þarfnast ekki viðbragða.

#### **Persónuvernd:**

Umsögn Persónuverndar skiptist í fjóra kafla.

1. Nánari afmörkun viðkvæmra persónuupplýsinga sem miðla má og sjónarmið um nauðsyn og meðalhóf.

Áréttað mikilvægi þess að gætt sé að sjónarmiðum um meðalhóf, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 við fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga. Tryggt þurfi að vera að ekki séu skráðar meiri upplýsingar en nauðsynlegt er talið miðað við tilgang vinnslu hverju sinni og skylt að velja viðaminnstu vinnslu persónuupplýsinga sem nær því markmiði sem að er stefnt. Persónuvernd telur æskilegt að fjalla nánar um það í greinargerð hvernig best sé að miðlun slíkar upplýsinga fari fram til að tryggja meðalhóf. T.d. nefna að skuldari glími við veikindi án þess að tilgreina hvers konar veikindi. Sama gæti átt við um miðlun upplýsinga um félagslegar aðstæður. Persónuvernd bendir einnig á að æskilegt sé að efni vinnureglna UMS um meðferð og miðlun umræddra upplýsinga komi skýrar fram í frumvarpstextanum en nú er.

2. Fræðsluskylda ábyrgðaraðila.

Persónuvernd áréttar að fræðsluskylda hvíli á þeim sem vinna persónuupplýsingar. Það þurfi að tilgreina hver sé tilgangur fyrirhugaðrar vinnslu persónuupplýsinga, hver sé lagagrundvöllurinn og hverjir viðtakendur persónuupplýsinganna séu. Vísað í 13. gr. reglugerðar ESB um þetta.

3. Öryggi persónuupplýsinga.

Almennar athugasemdir um 27. gr. frumvarpsins um meðferð persónuupplýsinga og árétting á að farið sé eftir 6. tölulið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 m.a. að tryggt sé að upplýsingar komist ekki í rangar hendur og að þeim verið eytt þegar þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þágu tilgangsins með miðlun þeirra. Persónuvernd áréttar einnig að huga þurfi að innbyggðri og sjálfgefinni persónuvernd á öllum stigum vinnslunnar, ekki síst við notkun tæknilausna.

4. Mat á áhrifum á persónuvernd.

Persónuvernd minnir á að þörf geti verið fyrir mat á áhrifum á persónuvernd sbr. 29. gr. persónuverndarlaganna vegna viðkvæms eðlis þeirra persónuupplýsinga sem til stendur að miðla til þriðja aðila (áhætta fyrir réttindi og frelsi).

Viðbrögð: Sett var ítarlegri lýsing á vinnureglum umboðsmanns skuldara við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í greinargerð með frumvarpinu m.t.t. umsagnar Persónuverndar. Ákvæðið í 27. gr. frumvarpsins er nýtt og nokkuð ítarlegt, m.a. er tekið fram að sett verði öryggisstefna, framkvæmt áhættumat og aðrar öryggisráðstafanir gerðar í samræmi við meginreglur um persónuvernd.

#### **Menntasjóður námsmanna:**

Gerir ekki athugasemd við 1. málsli. e-liðar 3. gr. um að bæta greiðslum sem falla niður á greiðsluaðlögunartíma og vanskilapætti kröfunnar við höfuðstól.

Lýsir andstöðu við 2. málsl. e-liðar 3. gr. um að ábyrgðarskuldbindingar á námslánnum teljist ekki lengur kröfur vegna námslána og verði kröfur sem falli undir úrræðið. Ef ákvæðið verði samt áfram inni þá er lagt til að bæta orðinu „virkar“ fremst í málsliðinn.

**Viðbrögð:** Í ljósi þeirra tilvika sem upp hafa komið og reynslunnar af úrræði greiðsluaðlögunar að öðru leyti er talið mikilvægt að kröfur vegna ábyrgða á námslánnum falli undir greiðsluaðlögun til þess að lögin nái betur markmiði sínu. Orðinu „virkar“ bætt við í samræmi við tillöguna.

### Samtök fjármálafyrirtækja (SFF):

Athugasemdir við einstakar greinar.

**1. gr. frv.:** SFF leggja til að 2. mgr. 2. gr. orðist svo: Einstaklingur telst ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar þegar ætla má að hann geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar um fyrirséða framtíð með tilliti til eðlis og heildarstöðu skuldanna, menntunar, aflahæfis, eigna og fjárhagslegra, félagslegra og heilsufarslegra aðstæðna hans að öðru leyti. Vilja einnig bæta við skilyrði um að einstaklingur hafi áður sótt eftir aðstoð hjá kröfuhöfum, jafnvel gegnum UMS, til að leita leiða til að aðlaga skuldir að aðstæðum hverju sinni. Gagnrýna framkvæmd hjá UMS sem þau segja vera þá að einstakl. með gott aflahæfi og heilbrigðir „fái ávallt 100% niðurfellingu“.

Segja að skýrt þurfi að koma fram að undanþágan eigi eingöngu við að öllum stafliðum uppfylltum. (um breytingar á 4. mgr. 2. gr.)

Vilja breyta orðalagi c. liðar á þann veg að einstaklingur eigi ekki eignir þar sem veðrymi er til staðar og/eða að stofnað hafi verið til skulda á síðastliðnum árum sem raski jafnræði kröfuhafa til muna.

Telja orðið „umtalsvert“ í c-lið vera of matskennt, mælikvarði þurfi að vera skýrari.

**Viðbrögð:** Í dag er litið til heildarstöðu, aflahæfis (undir fjárhagslegra...) og menntunar. Teljum óþarft að bregðast við þessu, þ.e. tillögum til breytinga á 2. mgr. 2. gr., enda hvort eð er litið til allra þessara þátta skv. ákvæðinu eins og það er. Alltaf heildarmat. Ekki talin ástæða til að breyta ákvæðinu.

(Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 101/2010 segir í athugasemdum með 2. mgr. 2. gr. um það þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli skuldara heimild til greiðsluaðlögunar þá þurfi „að meta greiðslugetu skuldans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Ekki er það gert að skilyrði fyrir því að heimilt sé að samþykkja umsókn um greiðsluaðlögun að skuldir hafi náð tiltekinni upphæð eða að skuldari hafi náð tilteknum aldri“. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu sem var að lögum nr. 101/2010 segir m.a. í V. kafla: Gert er að skilyrði að skuldari sýni fram á greiðsluvanda sinn með viðhlítandi gögnum og ekki má samþykkja greiðsluaðlögun veiti gögnin ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar. Einnig er sagt að ef skuldari verði fyrir slysi og hljóti af varanlega örorku megi gera ráð fyrir að greiðsluerfiðleikar hans verði varanlegir.)

Ekki þarf að bregðast við aths. um að undanþágan eigi aðeins við að öllum stafliðum uppfylltum. Virðist byggt á misskilningi á uppsetningu ákvæðisins.

Orðið „umtalsvert“ í c-lið 1. gr. frumvarpsins hefur verið skýrt nánar í greinargerð.

**3. gr. frv.:** Gera aths við að d-liður 1. mgr. 3. gr. falli brott. Sjá ekki rök fyrir að víkja frá almennum reglum gjaldþrotaréttar.

**Viðbrögð:** Greiðsluaðlögunarlögin eru sérlög um afmörkuð tilvik og stöðu sem þarf að vera uppi. Lög um GPL eru annað. Það þarf ekki að vera samhljómur á milli m.t.t. flokkunar krafna. Þetta ákvæði hefur ekki verið notað, ekki vísað í það í kröfulýsingum. Ekki ástæða til að bregðast við.

**4. gr. frv.:** Leggja til að „ámælisverðan“ verði felld brott í h. og k. liðum 1. mgr. 6. gr. Segja þetta hafa leitt til þess að einstaklingar hafi fengið samning um greiðsluaðlögun þótt ljóst sé að þeir hafi aldrei getað staðið við skuldbindingar sínar.

**Viðbrögð:** Skýr túlkun á „ámælisverðan“ liggur fyrir frá ÚRVEL – ekki stendur til að breyta lögunum á þann veg að synja fleiri umsækjendum, heldur var hugsunin þvert á móti að geta liðkað fyrir fleirum. UMS leggur áherslu á að þetta standi áfram. Á báðum stöðum.

**8. gr. frv.:** Gera aths. við d-liðinn og efast um að það standist 72. gr. stjskr. að veðhafi sem ekki lýsi kröfu vegna greiðsluaðlögunarumleitana hafi ekkert að segja um afmáningarferlið. Telja hæpið að það standist „að vanlýsing í greiðsluaðlögunarumleitanir geti haft þau áhrif á stjórnarskrárvarin eignarréttindi að þau verið afmáð án nokkurrar aðkomu veðhafans að málinu“.

**Viðbrögð:** Virðist á misskilningi byggt. KH, þ.e. veðhafar sem hafa hagsmuna að gæta, geta komið andmælum á framfæri í afmáningarferlinu þrátt fyrir að hafa ekki lýst kröfu. Þessi viðbót er til að setja betri stuðning undir núverandi framkvæmd um ferli innköllunar og upphaf greiðsluaðlögunarumleitana skv. 10. gr. laganna.

**14. gr. frv.:** Í a-lið, SFF vilja halda þriggja vikna fresti.

Leggja til að við 3. mgr. 17. gr. verði því bætt við að óski kröfuhafi eftir frekari upplýsingum til að geta tekið afstöðu til frumvarpsins geti umsjónarmaður lengt frest skv. 1. mgr. 17. gr. enda teljist krafa kröfuhafa vera eðlileg og málefnaleg. Segja það hafa tíðkast í framkvæmd að frumvarp hafi talist samþ. því KH hafi ekki lagst gegn því, en á sama tíma hafi KH verið að bíða frekari upplýsinga. Þetta sé bagalegt fyrir KH.

**Viðbrögð:** UMS áttar sig ekki á til hvers SFF eru að vísa í 1. mgr. um 14. gr. frv. Aths ekki í samræmi við framkvæmd. Tillagan um tveggja vikna frest er í samræmi við það að UMS sér að tvær vikur duga almennt – stuðlar að skilvirkri meðferð umsókna o.s.frv.

**15. gr. frv.:** Segja engin rök standa til að fella brott það sem lagt er til í a-lið 15. gr.

**Viðbrögð:** Í ljósi þess að skuldari stjórnar ekki tillögu um eftirgjöf þá er ekki þörf á að hafa þetta sem málsástæðu við mat á því hvort leita skuli nauðasamnings.

**17. gr. frv.:** Telja það ekki samrýmast MR um jafnræði kröfuhafa að kröfur í c-lið 1. mgr. 21. gr. teljist réttþærri en kröfur í d-lið. Hvort tveggja alm. kröfur skv. GPL. Telja eðlilegar að óska samþykkis KH ef þær aðstæður koma upp sem ákvæðinu sé ætlað að taka á.

Leggja einnig til viðbót við 2. mgr. svohljóðandi: „enda liggja fyrir ítarlegur rökstuðningur að hvaða leyti það muni ekki rýra hagsmunum annarra kröfuhafa“.

**Viðbrögð:** UMS telur uppbyggingu á 17. gr. frumvarpsins í samræmi við hvernig lagaákvæðið er í dag og túlkun þess. Ef kröfuhafar hafa lýst kröfu, hafa þeir alltaf andmælarétt gagnvart frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun. Þá er verið að koma til móts við það sem starfsfólk í bönkunum sem sinnir miðlun greiðslna skv. greiðsluáætlunum telur heppilegt. Litlar kröfur hreinsaðar upp svo ekki þurfi að miðla örfáum krónum hverju sinni inn á slíkar kröfur.

**18. gr. frv.:** Vilja fella brott „alla jafna“ enda þýði það í raun að engin hámarkstímalengd sé skv. ákvæðinu. Leggja til breytingu á 18. gr. frv. (22. gr. laganna) þannig að skilyrði sé að veðhlutfall eignar

fari ekki umfram 95% af verðmæti eignar á tímabili frystingar láns. Vilja miða við markaðsverðmæti skv. l 118/2016. Ekki sé eðlilegt að veðhafi tapi réttindum á frystingartímabili. Rök séu fyrir öðrum úrræðum. Telja 22. gr. eingöngu eiga að ná til húsnæðis þar sem umsækjandi eigi lögheimili.

**Viðbrögð:** Skoðað var hvort þörf væri fyrir að skerpa á því að MR sé eitt ár og lengra tímabil undantekning. Ath. niðurstaðan eftir skoðun að þetta sé skýrt í athugasendum í greinargerð. Vilji löggjafans kemur þar skýrt fram. Ef skilyrði yrði um 95% veðsetningu þyrfti að fara í sérstakt verðmat á fasteigninni. Ef KH hefur þessar áhyggjur þá mótmælir hann. Myndi flækja vinnuna verulega ef þyrfti á þessum tímapiunti að afla mats o.s.frv. Ekki ljóst við hvað er átt í umsögninni með því að KH myndi tapa réttindum á frystingartímabilinu.

**19. gr. frv.:** Gera „alvarlega athugasemd“ við að ákvörðun um afmáningu skuli tekin við upphaf greiðsluáðlögunarsamnings og framkvæmd við samþykki. Standi skuldari ekki við samn. sem svo er felldur niður þá hafi KH tapað mikilvægum tryggingarréttindum. Finnst einnig eðlilegt að miða við markaðsvirði við lok greiðsluáðlögunartímabils því það geti breyst mikið á tímabilinu.

**Viðbrögð:** Hugsunin að tímabil greiðsluáðlögunar væri ekki lengra en eitt ár. Bæta umfjöllun um þetta inn í greinargerðina.

Hugmynd að millilendingu rædd – reyna að tengja við samninginn, þannig að ljóst sé að skuldari greiði/hafi greitt í samræmi við hann þótt umsamin afmáning verði ekki fyrir en að loknu samningstímabili. Ræða aðeins nánar við SFF og fulltrúa bankanna. Fundur um þetta 25. okt. Þetta væri hagræði fyrir skuldara. Flókið/dýrt eins og lögin eru í dag. KH þarf að lýsa kröfu-þá getur hann alltaf mótmælt og komið í veg fyrir það sem honum ekki hugnast.

**Viðbrögð:** Ákvæðinu var breytt til að koma til móts við athugasemdir SFF. Skuldari þarf að hafa staðið við skyldur sínar samkvæmt samningi og afmáningin sjálf fer því ekki fram fyrr en að loknu greiðsluáðlögunartímabili. Engu að síður er miðað við verðmat sem framkvæmt er meðan samningaviðræður standa yfir.

SFF vísa til að í 2. mgr. 14. gr. komi fram að KH geti ekki lagt grundvallar matsgerð dómkvadds matsmanns leiti skuldari eftir afmáningu á grundvelli 23. gr. a. Engar skýringar séu á þessari leið og ekki hægt að leiðrétta fráviksmál (vegna ólíkra verðmata) og eðlilegt væri að hægt væri í slíkum tilvikum væri hægt að afla matsgerðar dómkvadds matsmanns.

**Viðbrögð:** Heimild til að afla matsgerðar dómkvadds matsmanns bætt við í samræmi við athugasemdir SFF. Slík heimild er eingöngu nýtt ef kröfuhafi er ósáttur við almennt verðmat.

SFF leggja til að skilyrðin til að fá veðréttindi afmáð af eign eins og þau eru í lögum nr. 50/2009 haldi áfram gildi sínu t.d. að úrræðið eigi aðeins við um fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili enda sé um hóflegt húsnæði að ræða sem ætlað er til búsetu og að önnur greiðsluferfiðleikaúrræði hafi með öllu reynst ófullnægjandi.

**Viðbrögð:** Ákvæðinu breytt í samræmi við athugasemdir SFF, hvað varðar að sett er skilyrði um að skuldari haldi heimili í húsnæði og hafi þar skráð lögheimili.

**C-liður 19. gr.:** SFF gera aths. við orðalag greinarinnar. Ekki sé alltaf gerð fyllilega grein fyrir þróun greiðslna á tímabili greiðsluáðlögunar í áætlunum frá UMS. T.d. séu tilvik þar sem veðskuldir séu bundnar vísitölum eða vextir breytilegir þá geti áætlun ekki fyllilega gert grein fyrir slíkri þróun. Ef á að greiða tiltekin lán að fullu þá geti fjárhæð í greiðsluáætlun ekki verið nákvæm og því ekki talist efnd.

**Viðbrögð:** Skiljum athugasemdir ekki alveg. Það er föst krónutala skv. samningum. Ekki talin ástæða til að bregðast við.

**4. mgr. 20. gr. frv.:** Telja tvær vikur of stuttan frest og vilja hafa þrjár vikur.

**Viðbrögð:** Hér er lagt til að lögfesta núverandi athugasemdalaus framkvæmd.

**22. gr. frv.:** Vilja taka út orðið „samfellt“ og einnig að miða ætti við 3-4 mánuði.

**Viðbrögð:** 3-4 mán of stutt að mati UMS og FRN. Orðið „samfellt“ tekið út í samræmi við athugasemd SFF.

#### **Creditinfo Lánstraust:**

Creditinfo leggur til að g- liður 8. gr. liður felldur brott úr frumvarpinu, sjá rök fyrir því í umsögn þeirra.

Verði ekki á það fallist eru tillögur Creditinfo að orðalagi eftirfarandi: Hugtakið „lánshæfismat“ verði fellt út og í staðinn komi „skýrsla um lánshæfi“.

Ákvæðinu verði breytt á þá leið að skráning upplýsinga um innkallanir verði heimil en miðlun þeirra upplýsinga verði óheimil. (Þannig verði tryggt að fjárhagsupplýsingastofa geti áfram unnið með upplýsingarnar við gerð skýrslu um lánshæfi.)

Ákvæðinu verði breytt þannig að tímalengd verði tvö ár eins og segi í greinargerð.

#### **Viðbrögð:**

Breytum orðalagi yfir í skýrslu um lánshæfi. Breytum einnig orðalagi þannig að skýrt komi fram að það sé miðlun upplýsinga um innkallanir sem verið óheimil.

UMS telur mikilvægt að fólk sem ekki er á vanskilaskrá fari ekki sjálfkrafa á vanskilaskrá vegna þess að það leitar greiðsluaðlögunar.

#### **Hagsmunasamtök heimilanna (HH):**

HH fagna rýmkun á búsetuskilyrðum. HH fagna því að hægt verði að kveða á um gjaldfrest krafna sem standa utan (þó ekki sé hægt að kveða á um eftirgjöf). Samtökin telja það mjög af hinu góða að kveða skýrt á um að vextir séu ekki gjaldkræfir á meðan á frestun greiðslna stendur og einnig sé þá óheimilt að leggja vanskilagjöld eða annan innheimtukostnað á kröfurnar, eins og lagt er til í c lið 9. gr. frumvarpsins.

Varðandi 18. gr. þá hafa HH áhyggjur af stöðu varðandi veðlánaskuldir. Hækkandi vextir og að fólk neyðist til að fara í verðtryggð lán. Telja 18. gr. vera það sem komist næst því að takast á við þá stöðu sem sé fyrirsjáanleg. Fresturinn mætti þó vera lengri að mati HH.

Samtökin telja ákvæðið sem lagt er til í 20. gr. frv., um heimild til breytinga á samningi vegna óvæntra aðstæðna skuldara mjög af hinu góða.

**Viðbrögð:** Varðandi athugasemd um 18. gr. þá er það niðurstaða um frestinn að eitt ár sé heppilegast, lengri frestur væri í raun ákveðinn gálgafrestur. Að öðru leyti þarfnast umsögn HH ekki viðbragða.

---

#### **Niðurstöður úr samráði við DMR:**

Sjá d-lið 3. gr. frv. Ekki verði heimilt að veita gjaldfrest á fésektum samkvæmt tillögu DMR.

Sjá 28. gr. frv. um heimild innheimtuaðila sekta og sambærilegan texta í b-lið 2. tölul. 31. gr. frv. Ákvæðin orðuð í samræmi við tillögur frá DMR.